

Hreinsunardagar tókust vel. Um 20 manns mættu hvert kvöld þessi 3 skipti. Einnig nýttu nokkrir snarfaramenn daginn til hreinsunar. Er þessum einstaklingum þökkun vel unnin störf í þágu annarra félagsmanna. Ekki tókst að klára alla málningarvinnu og fleiri smáverk og segir það nokkuð um umfangið. Í ljós kom að girðingar eru víða orðnar lélegar vegna fúa og austurgafli hússins er ónýtur. Sama má segja um kambgafli hússins að hann er orðin ansi lúinn. Tveimur gámum að járnarusli og öðru drasli var fleygt. Það er í raun ótrúlegt hvað endar á svæðinu en m.a. var hent sturtubotni. Tækifærið var notað og gluggatjöld tekin niður í félagsheimili og sett í hreinsum. Þau eru komin á sinn stað.

Ekki er auglýst er sérstaklega eftir eiganda neðangreinds lambalæris sem hengt var upp í bátagámi við hlið skemmu. Það var farið að úldna hressilega og lyktin eftir því í gámnum. Búið er að henda lærinu en gaman væri að hitta viðkomandi, einingis til að svala forvitni og spyrja hvað honum gekk eiginlega til.



Í **félagshemili** voru gerðar breytingar en 4 stólar voru keyptir og settir í norðausturhorn hússins. Ekki er annað að sjá en félagsmenn kunni vel að meta þá nýbreytni og er þetta „kósihorn“ í mikilli notkun. Sjálfsali er loksins komin í húsið.

Vinna við að koma vatni og rafmagni á **þjónustubryggju** er lokið. Er Mareli Einarssyni og Hafliða Árnasyni sérstaklega þakkað það verk. Timbur í bryggjunni er orðið mjög fúíð og þarf að fara að huga að lagfæringu.

Sjósetningarhátíð tókust vel, en 120 manns greiddu fyrir mat og fleiri bættust við um kvöldið sem komu sérstaklega til að hlusta á KK eða njóta félagsskapar annarra félagsmanna. Fjölskylduhátíðin um



daginn tókst líka ljómandi en um 50 manns komu og léku sér saman í garðinum.

Grillaðar voru pulsar í mannskapinn. Gaman hefði þó verið að sjá fleiri. Sjólag var ekki gott en aðeins einn bátur fór út vegna sóstangaveiðimótsins Eyvindur Jóhannsson, skipuleggjandi lét það ekki aftra sér og verðlaun voru veitt og einnig stóð hann fyrir frábæru happadrætti um kvöldið. Er honum þakkað kærlega fyrir.

Nokkrir valinkunnir Snarfarafélagar eru farnir erlendis til að **sækja seglskútu** og sigla henni heim. Þar fer fremstur Guðbergur Birgisson, kaupandi og eigandi en með honum í för er Finnur Torfi, Sigvaldi Pétursson og „hvar er Jakob?“ Magnússon, þúsundþjalasmiður. Það er því vel mannað. Skútan er af gerðinni Bavaria og er 50 ft. Við eigum von á að þeir sendi okkur línu af og til af ferðinni og

verða fréttir settar á heimasíðu félagsins. En það eru fleiri ferðalög framundan því Jens Pétur á skútunni Xenu er á leið kring um **landið** með góðum siglurum og er ferðin rétt að hefjast.

Okkar ágætu vinir sem hafa verið með listviðburð á svæðinu eru nú á förum. Síðasti dagur sýningar þeirra er á sunnudaginn 5 júní en þau ætla svo að hreinsa og taka til eftir sig 6 og 7 júní. Er þetta búið að vera ánægjulegt samlífi sem báðir hafa hagnast.

Vinna við Hvammsvíkurbryggju er hafin og er stefnt að klára sem fyrst. Mikil vinna er þar framundan.

Ekki er enn búið að taka endanlega ákvörðun um staðsetningu Viðeyjarbryggju og einungis við stjórn félagsins að sakast. Vonandi fæst niðurstaða í það mál fljótlega en hér skal notað tækifærið og auglýst eftir sjálfboðaliðum í vinnu við bryggjuna og að koma henni út. Hafið samband og látið vita gegnum netfangið snarfari@snarfari.is ef þig vilið taka þátt.

Minnum svo á sjómannadaginn 5. Júní en þá verður boðið upp á kaffi og með því frá kl. 15:00 til kl. 17:00. Einnig erum við að reyna að safna í samsiglingu og leggja bátar af stað úr Snarfarahöfn kl. 13:00. Hafið samband og látið vita gegnum netfangið snarfari@snarfari.is ef þig ætlið að sigla með.

F. h. Stjórnar Snarfara

Pétur Ó. Einarsson